

## UT2006 - Sveigjanleiki í skólastarfi



Ráðstefnustjórnir Brynhildur Ólafsdóttir og Sölvi Sveinsson, ásamt Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur ráðgjafa menntamálaráðherra, í ræðustól á UT2006 í Grundarfirði.

landinu og tóku virkan þátt í umræðum um sveigjanlega kennsluhætti. Fyrirlestrar voru í lágmarki enda megin áhersla lögð á samræður og var skipulag ráðstefnunnar með nýstárlegum hætti þar sem þátttakendur komu fyrirspurnum og athugasemdum á framfæri gegnum tölvukerfi ráðstefnunnar.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, ráðgjafi [menntamálaráðherra](#), flutti inngangserindi og opnaði umræður ásamt Sölva Sveinssyni, skólastjóra [Verzlunarskóla Íslands](#). Umræður voru um nýtingu



Hluti þátttakenda fylgist með dagskrá UT ráðstefnunnar sem var að þessu sinni haldin í nýstárlegu húsnæði Fjölbrotaskóla Snæfellinga í Grundarfirði.

hljóðglæra, íslenskunám fyrir útlendinga á netinu, hugkort og margt fleira. Aðgengi að efni ráðstefnunnar er á vefnum [www.menntagatt.is/ut2006](http://www.menntagatt.is/ut2006).

Ráðstefnustjórnir voru Sölvi Sveinsson og Brynhildur Ólafsdóttir fréttamaður.

Árleg ráðstefna [menntamálaráðuneytis](#) fyrir skólafólk, UT2006, var haldin í [Fjölbrotaskóla Snæfellinga](#) í Grundarfirði föstudaginn 3. mars síðastliðinn. Um 350 þátttakendur komu hvaðanæva að af



### Samræmd stúdentspróf í framhaldsskólum felld niður í núverandi mynd

[Menntamálaráðherra](#) hefur ákveðið að fella niður samræmd stúdentspróf í framhaldsskólum í núverandi mynd. Stefnir ráðherra að því að leggja fram á vörþingi frumvarp þar sem lagt verður til að fella úr gildi ákvæði 24. gr. [laga nr. 80/1996](#) um framhaldsskóla sem á sínum tíma voru samþykkt samhliða á Alþingi.

Við framkvæmd samræmdra stúdentsprófa árið 2005 komu í ljós ýmsir anmarkar, s.s. að nemendur sáu lítinn tilgang með prófunum, lítil merki sáust þess að skólar á háskólastigi kölluðu eftir því að nemendur hefðu lokið slíkum

prófum, svo og að prófin hentuðu misvel einstökum nemendum og ólíkum skólum. Einnig er ljóst að framhaldsskólar áttu í ýmsum erfiðleikum með að bæta samræmdum stúdentsprófum við viðamikil prófahald sem þar hefur tíðkast um árabil, bæði í lok vor- og haustmisseris.

Fyrir á þessu ári skipaði menntamálaráðherra starfshóp um námsmat á framhaldsskólastigi og hefur hann nú skilað niðurstöðu sinni. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar [ráðuneytisins](#), Félags framhaldsskólakennara, forstöðumaður [Námsmatsstofnunar](#), fulltrúi [Félags íslenskra framhaldsskóla](#), fulltrúi [Hagsmunaráðs íslenskra framhaldsskólanema](#) og fulltrúi [Samstarfsnefndar háskólastigsins](#).

Hópurinn var sammála um að leggja bæri

af núverandi fyrirkomulag samræmdra prófa sem tíðkast hefur síðastliðin tvö ár.

Jafnframt leggur hópurinn til að kannaður verði möguleiki á að tekin verði upp einstaklingsmiðuð tölvuvædd könnunarpróf. Slíkt próf gefi möguleika á að koma til móts við þarfir einstakra nemenda og skóla, ásamt því að geta nýst viðtöku-skólum og fræðslufirvöldum. Tilgangur könnunarprófanna væri fyrst og fremst að veita nemendum og skólum upplýsingar um stöðu einstakra nemenda í viðkomandi námsgrein þannig að unnt yrði að taka mið af því í áframhaldandi námi nemandans.

Í ljósi reynslunnar af samræmdum stúdentsprófum í núverandi mynd og áforma um [breytta námsskipan til stúdentsprófs](#) telur menntamálaráðherra rétt að breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi samræmdra stúdentsprófa.

Samhliða því sem samræmd stúdentspróf verða felld niður í núverandi mynd verður unnið að framhaldi málsins í tengslum við [tíu punkta samkomulag](#) menntamálaráðuneytis og [Kennarasambands Íslands](#) um bætt skólakerfi og væntanlega heildarendurskoðun á lögum um framhaldsskóla. Menntamálaráðherra telur það vera mikilvægan lið í því starfi sem framundan er að meta heildstætt hvaða leið sé heppilegust til framtíðar m.a. með hliðsjón af niðurstöðu starfshóps um námsmat á framhaldsskólastigi og áformum um breytta námsskipan

